

13. Fundur hverfisnefndar Giljahverfis, haldinn í Glerárgötu 34, Kaffistofu Raftáknis 18.03.2015.

Mættir:

Finnur Víkingsson formaður, Finnur Aðalbjörnsson, Orri Stefánsson og Linda Guðmundsdóttir.

Forföll boðuðu Hafþór Jörundsson og Svala Haraldsdóttir ritari.

Svala Haraldsdóttir hefur óskað ef að láta af störfum í nefndinni vegna anna og einnig vegna þess að hún er að flytja úr hverfinu næstu daga.

Þetta var rætt:

1. Akureyrarbær hefur ákveðið eins og tvö síðast liðin ár að veita 2 milljónir í hverfisnefndir til framkvæmda í hverfum bæjarins og óska eftir tillögum frá hverfisnefndum fyrir árið 2015.
2. Rætt voru þau verkefni sem farið var í síðastliðin tvö ár. Leiksvæði milli F og V gila er að mestu búið og aðeins eftir að setja niður nokkur tæki sem koma í sumar. Ljósastaur fyrir ofan Vættagilsbrekku er kominn og ríkir mikil ánægja með það framtak. Vinna við brettavöll er að hefjast sem átti að gera árið 2014 en okkar framlag það ár fer í völlinn og svo munu FA klára framkvæmdina eins og gert var ráð fyrir.
3. Hverfisnefnd er með hugmynd fyrir næstu þrjú árin í hverfinu. Við viljum fara í aukna uppbyggingu á skólalóðinni og viljum koma á stað framkvæmdum við hreystivöll norðan fimleikahúsins og neðan við brettavöllinn. Við vitum að þetta er ekki verkefni sem rúmast ekki innan ramma hvers árs en viljum skipta því niður þannig að hægt sé að fara í það í áföngum.
4. Því næst var ákveðið að efna til hverfisfundar með íbúum til þess að leggja þessa tillögu fyrir þá og einnig til að heyra hvað þeir vilja nota peningana í. Tala við foreldrafélag Giljaskóla og bjóða því sérstaklega að koma á fundinn til að viðra sínar skoðanir á framkvæmd í hverfinu. Fundartími ákveðinn 26.mars í Giljaskóla ef það gengur upp vegna árshátíðar skólans. Þetta verður aðalfundur hverfisnefndarinnar og því þarf að boða hann samkvæmt reglum. Finnur Víkingsson mun vera í sambandi við Dagnýju hjá Akureyrarbæ í það og varðandi auglýsingu fyrir fundinn.
5. Ákveðið að árétta við bæinn spurningu með lýsingu yfir gangbraut yfir Merkigil.
6. Ítreka ósk okkar um að krosslagður stígur fyrir ofan leiksvæðið (milli F- og V gila) verði malbikaður sumar 2015.

Fleira ekki tekið fyrir.

Finnur Víkingsson
fundaritari.